Samþykktir 32. aðalfundar

Landssambands smábátaeigenda

13. – 14. október 2016

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Efnisyfirlit

Alþingiskosningar 29. október 2016 3
Strandveiðar 3
Makríll 4
Byggðakvóti 5
Línuívilnun 5
Heildarafli 5
Grásleppuveiðar 6
Stjórn fiskveiða 7
Veiðigjöld og annar kostnaður 9
Öryggismál 10
Fiskverð 11
Umhverfi 12
Innri málefni 12
Stjórn Landssambands smábátaeigenda 2016 - 2017 13
Félagslegir skoðunarmenn ársreiknings 14
Grásleppunefnd LS 2015 - 2016 14

Alþingiskosningar 29. október 2016

Aðalfundur LS hvetur smábátaeigendur um land allt til að gera rækilega vart við sig á framboðsfundum sem haldnir verða í aðdraganda alþingiskosninga 29. október nk.

Strandveiðar

Aðalfundur LS:

- krefst þess að strandveiðar verði efldar á þeim grunni sem strandveiðinefnd LS lagði til á sínum tíma „ Strandveiðar til framtíðar “, þ.e. 4 mánuðir, 4 daga í viku, 4 rúllur á bát, 650 þíg. kg í róðri.
  Tekið verði skýrt fram að aflareynsla á strandveiðum verði aldrei metin til kvóta.

- krefst þess að hætt verði að innheimta sérstakt gjald á strandveiðibáta, þ.e. fimmtíu þúsund krónur sem rennur til hafna.

- leggur til að ólögmætur umframafli á strandveiðum dragist ekki frá sameiginlegum heildarpotti.

- mótmælir öllum hugmyndum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um að lengja srandveiðitímabilið eingöngu á einu svæði umfram önnur.

Greinargerð: LS lítur svo á að hugmyndir um að lengja tímabil strandveiða á einu svæði en ekki öllum sé eingöngu sett fram til að sundra strandveiðimönnum sem hafa þá sameiginlegu kröfu að fá að stunda strandveiðar 4 daga í viku allt strandveiðitímabilið frá 1. maí – 31. ágúst. Öll pólitísk skemmdarverk á strandveiðikerfinu sem einungis er sett fram til að ala á sundrungu og óeiningu meðal strandveiðimanna verður litið mjög alvarlegum augum.

Það er augljóst hvaða breytingar þarf að gera á strandveiðikerfinu til þess að bæta það og gera það arðvænlegt fyrir þær útgerðir sem inni í því eru. Það veit ráðuneytið jafnvel og LS þar sem félagið hefur reglulega bent á það. Krafan er einföld, 4 dagar í viku allt strandveiðitímabilið á öllum svæðum fyrir alla strandveiðimenn.

Landssamband smábátaeigenda hvetur strandveiðimenn um land allt, að mótmæla kröftuglega hverslags gjörningum sem miða að því að koma í veg fyrir samstöðu um gott og öflugt strandveiðikerfi þar sem hver og einn strandveiðimaður vegur jafnt. Það eru pólitísk öfl þarna á ferð sem eru að reyna að sundra okkur öllum.

Stöndum saman – höfnum öllum brauðmolum sem hent er í suma okkar.

- krefst þess að ufsi veiddur á strandveiðum teljist ekki til strandveiðikvóta
- krefst þess að strandveiðibátum verði heimilt að veiða kúskel til beitu.

Makríll

Aðalfundur LS krefst þess að krókaveiðar á makríl verði frjálsar og hlutdeild þeirra í veiðunum verði að lágmarki 16%.

Byggðakvóti

Aðalfundur LS:

- skorar á stjórnvöld að breyta fyrirkomulagi byggðakvóta þannig að hann verði nýttur af dagróðrabátum og úthlutað við löndun sem ívilnun á kvóta.

Greinargerð

Með þessu ætti gagnsæi við úthlutun byggðakvóta að aukast og einnig auðvelda nýjum aðilum að koma inn, þar sem ekki þurfi veiðireynslu frá síðasta kvótaári til viðmiðunar. Eftir sem áður yrðu reglur fyrir einstök byggðalög. Byggðaívilnun með breytilegri prósentu eftir byggðalögum þar sem vægi byggðakvóta gæti verð misjafnt eftir byggðalögum þ.a.s. sum byggðalög væru t.d. með 75% til kvóta en önnur með 90% til kvóta.

- leggur til að settur verði á fót starfshópur sem fari yfir fyrirkomulag byggðakvóta. Hópnum verði einnig ætlað að koma með tillögur um hvernig efla megi hlut smábáta í að styrkja hinar dreifðu byggðir með nýtingu á byggðakvóta.

Línuívilnun

Aðalfundur LS:

- skorar á stjórnvöld að standa vörð um línívilnun.
- lýsir yfir ánægju með að keila, langa og karfi sé nú komin í línuívilnun.

Heildarafli

Aðalfundur LS:

- krefst þess heildarafli í þorski verði tafarlaust aukinn í 270 þúsund tonn.

- lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu 25%. Hafrannsóknastofnun á ekki að hafa heimild til að ákveða einhliða aflareglu án umræðu og samráðs við stjórnvöld og atvinnugrein.

- skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að fiskirannsóknir verði efldar á grundvelli strandveiða og annarra krókaveiða og að meira verði nýtt af þekkingu og reynslu sjómanna við stjórn fiskveiða og ákvarðana um heildarafla.

- harmar ákvörðun Hafró og sjávarútvegsráðherra að auka ekki meira við þorskaflaheimildir fyrir núverandi fiskveiðiár.

Greinargerð:

Aflabrögð í þorski hafa verið með eindæmum góð í öll veiðarfæri undanfarin ár. Það er einróma dómur allra skipstjóra og sjómanna að þorskstofninn þoli mun meira veiðiálag.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur LS:

- leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E að því gefnu að verð liggi fyrir. Ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og taki mið af markaðsaðstæðum.

- leggur til að stjórn grásleppuveiða verði með svipuðum hætti og verið hefur.

- hafnar öllum hugmyndurm um kvótasetningu á grásleppu.

- mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Fundurinn krefst þess

að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Greinargerð

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með óréttmætum rökum, að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net en þessi athugun var framkvæmd af sértökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

Stjórn fiskveiða

Aðalfundur LS:

- leggur til að færaveiðar á uppsjávarfiski verði gefnar frjálsar.

  Greinargerð

  Færaveiðar skapa alls enga hættu á ofveiði uppsjávarfiska en ofveiði er helsta ástæða fyrir takmörkun á sókn.
  Göngur uppsjávarfiska eru mjög sveiflukenndar og sjálfsagt er að byggðirnar njóti þess þegar uppsjávarfiskar ganga á heimamið.

- fagnar þingsályktunartillögu um að leyfa skipstjóra að taka ferðamenn með á fiskveiðar.

- vill leyfa löndun á lúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.

- er þeirrar skoðunar að lokun frá 15. október til 1. maí fyrir veiðum með botntroll vestur af Sandgerði eigi að ná til alls ársins.

- skorar á stjórnvöld að taka starfsemi og rannsóknaaðferðir Haf-rannsóknastofnunar til gagngerðrar endurskoðunar. Til þess verði fengnir sérfræðingar á sviði líffræði og annarra tengdra vísinda, innlendra og

erlendra og ekki handvalið í slíkan rannsóknarhóp eftir þýlyndi viðkomandi við stefnu Hafrannsóknastofnunar.

Greinargerð:

Stefna Hafrannsóknastofnunar er löngu úr sér gengin. Engu skiptir hversu mikill fiskur gengur á miðin og reynsla veiðimanna einskis metin. Þegar fiskveiðikerfið var leitt í lög árið 1984 var allt talið í kalda koli og gefnar út veiðiheimildir sem eru sambærilegar þeim sem var verið að gefa út í byrjun nýhafins fiskveiðiárs. Nú er hins vegar einhverjum „stórkostlegum árangri" fagnað. Hver hann er fær ekki nokkur veiðimaður skilið.

- óskar eftir því að sjávarútvegsráðherra beiti sér fyrir breytingar verði gerðar á lögum um stjórn fiskveiða þannig að heimilt verði að veita undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

- fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuívilnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.

- beiti sér fyrir að tegundafærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.e. að nota megi allt að 2% af hverrri tegund til tegundabreytinga, þó að hámarki 5% eins og það var.

Greinargerð:

Rökin fyrir þessu eru að menn sjái sér hag í að láta ufsa detta niður dauðann, sem er þvert á tilgang fiskveiðilaganna frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með gjörningnum í því skyni að fá aukningu í öðrum aukategundum, það var ekki tilgangur umræddra laga.

- mótmælir harðlega reglugerðarlokunum vegna smáfisks og krefst þess að og þær standi aldrei lengur en sex mánuði.

- leggur til að bátar sem leigja til sín veiðiheimildir skuli fá heimild til að flytja ákveðið aflamark milli fiskveiðiára til að tryggja samfelldar veiðar þeirra. Viðmiðunin verði afli þeirra á fiskveiðiárinu. Heimildin er að hámarki 5 tonn í hverri tegund milli ára.

- skorar á sjávarútvegsráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.

- skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.

- leggur til að veiðar á loðnu verði bannaðar meðan hrygning fer fram – hrygningarstopp – og þannig gætt varúðar í umgengni þessa mikilvæga stofns.

- krefst þess að veiðar á kúfskel til beitu verði algerlega gefnar frjálsar, enda hvorki líffræði-, efnahags- eða málefnalegar ástæður fyrir takmörkun þeirra veiða að nokkru leiti.

Veiðigjöld og annar kostnaður

Aðalfundur LS:

- krefst þess að veiðigjald smærri útgerða án vinnslu verði endurskoðað og verulegur afsláttur veittur til þeirra af gjaldinu.

Greinargerð

Það nær ekki nokkurri átt að litlar einstaklingsútgerðir greiði sama gjald og stórútgerðir með vinnslu og söluskrifstofur erlendis. Með því að láta alla greiða jafnt er ríkisvaldið að stuðla að samþjöppun veiðiheimilda og er veiðigjaldið í núverandi mynd byggðafjandsamlegt.

- krefst þess að útgerðir sem ekki hafa vinnslu og landa á markaði fái verulegan afslátt af veiðigjöldum, slíkt mun bæði styrkja markaðina sem eiga undir högg að sækja og svo viðkvæmustu útgerðirnar sem eingöngu byggja á veiðum.

- leggur til að veiðigjald verði fært til fyrra horfs þannig að veiðiréttarhafar greiði veiðigjaldið.

- kallar eftir rökstuðningi yfirvalda á hækkandi veiðigjald á grásleppu milli ára.

- mótmælir harðlega uppboðsleið á aflaheimildum. Slíkar hugmyndir stefna útgerð um land allt í uppnám og óvissu.

- mótmælir þeim miklu álögum og gjöldum sem smábátaútgerð sætir, svo sem í formi veiðigjalda og alls kyns eftirlits og þjónustukostnaðar. Stór aukinn kostnaður síðustu ára ásamt óskilvirku regluverki hefur rýrt rekstrarhæfi margra útgerða. Eru þessi gjöld orðin útgerðum mjög íþyngjandi.

  Aðalfundur leggi til að stjórn LS skipi starfshóp til að fara í saumana á allri gjaldtöku sem fylgir útgerð smábáta og ráðist kerfisbundið á hvern lið

Öryggismál

Aðalfundur LS:

- skorar á hafnaryfirvöld að samræma merkingar og stjórntæki á löndunarkrönum.

- Lýsir áhyggjum á slæmum móttökuskilyrðum á Lónsbugt (frá Stokksnesi austur fyrir Hvalnes) sem og annars staðar við landið.

  Greinargerð

  Svæðið er nánast allt símasambandslaust, einnig alveg upp við Hvalnes. Sama gildir um AIS samband á Papagrunni auk fleiri staða sem LS hefur áður bent á.

  - skorar á stjórnvöld að setja upp sjálfvirka veðurathugunarstöð á Reynisfjalli eða Dyrhólaey.

  - telur brýnt að efla öryggismál sjómanna og fræðslu enn frekar.

  - skorar á stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktra veiðislóða smábáta til að tryggja sem best öryggi þeirra.

  - skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS og það sé tengt útgáfu haffærisskírteinis

Fiskverð

Aðalfundur LS

- er þeirrar skoðunar að sú lækkun sem hefur orðið á fiskverði sl. 5 ár sé ekki einhlít. Fundurinn telur að hugsanlega sé um samráð milli fiskkaupenda að ræða. Fulltrúar Landssambands smábátaeigenda þurfa að fara í þetta mál og leita e.t.v. til Samkeppnisstofnunar eftir liðsinni.

- leggur áherslu á að tryggð verði virkari verðmyndun á fiski m.a. með því að tryggja með reglum, aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum.

Umhverfi

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki hans.

Innri málefni

Aðalfundur LS

- lýsir yfir ánægu með heimasíðu LS og hvetur stjórnarmenn til að efla upplýsingarflæði til félagsmanna í sínum félögum.

- samþykkir að tekin verði upp félagsskírteini LS og samið við fleiri þjónustuaðila um afslætti.

- samþykkir að LS haldi áfram þátttöku sinni í Alþjóðasamtökum strand-veiðimanna WFF með sama hætti og verið hefur.

  Greinargerð: LS tók þátt í stofnun WFF árið 1997 og hefur allar götur síðan verið virkur þátttakandi í gegnum stjórnarsetu og formennsku. Arthur Bogason lét af formennsku árið 2013 en situr enn í framkvæmdaráði samtakanna. Aðalfundur WFF verður að öllum líkindum haldinn í Ecuador í nóvember 2016. Kostnaður LS hefur verið kr. 200 þúsund á ári.

Stjórn Landssambands smábátaeigenda 2016 - 2017

Axel Helgason formaður	Reykjavík
Þorlákur Halldórsson varaformaður	Grindavík
Einar Þorsteinn Pálsson	Akureyri
Friðþjófur Jóhannsson	Barðaströnd
Guðlaugur Gunnarsson	Ólafsvík
Jóel Andersen	Vestmannaeyjum
Jón Höskuldsson	Álftanesi
Kristján Torfi Einarsson	Flateyri
Már Ólafsson	Hólmavík
Oddur V. Jóhannsson	Vopnafirði
Ólafur Hallgrímsson	Borgarfirði
Rögnvaldur Einarsson	Akranesi
Steinar Skarphéðinsson	Sauðárkrók
Steinn Rögnvaldsson	Hrauni á Skaga
Vigfús Ásbjörnsson	Hornafirði
Þorvaldur Garðarsson	Þorlákshöfn

Þorvaldur Gunnlaugsson	Kópavogi

Félagslegir skoðunarmenn ársreiknings

Runólfur Guðmundsson	Grundarfirði
Sigfús Jóhannesson	Grímsey

Gráslepppunefnd LS 2015 - 2016

Andri Viðar Víglundsson	Ólafsfirði
Bæring Gunnarsson	Bolungarvík
Hafþór Jónsson	Patreksfirði
Haukur Einarsson	Reykjavík
Höskuldur Hjálmarsson	Hofsósi
Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfirði eystra
Valentínus Guðnason	Stykkishólmi